

**409. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps
haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði, mánudaginn 14. desember 2009 og
hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Guðni Ólafsson (GÓ), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Bragi Geir Gunnarsson (BGG), Birna Benediktsdóttir (BB), Ása Jónsdóttir (ÁJ),

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir (ÁJ)

Oddviti kannaði hvort athugasemdir væru við boðaða dagskrá, svo var ekki. Gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. 0912037 - Samband íslenskra sveitarfélaga. Fundargerð 769. fundar

Lagt fram til kynningar.

2. 0912008 - Íbúáþing 21.nóvember 2009, samantekt

Samantektin send formönnum allra nefnda sveitarfélagsins til yfirlstrar og ábendinga, og nefndir skili álitum fyrir febrúarfund hreppsnefndar. Samþykkt einróma.

3. 0912015 - Sorphirða - staða mála

Til máls tóku BB, BG, BGG, EIS og GÓ
Oddviti gerði grein fyrir stöðu mála, Halldór Karl Hermannsson hefur verið fenginn til þess að vinna útboðsgögn fyrir sorp umsýslu í Vesturbyggð og Tálknafirði. Þá upplýsti oddviti um fund sem haldinn var 21.nóvember með fulltrúum Vesturbyggðar, Halldóri Karli og oddviti og Bragi Geir Gunnarsson, sátu fyrir hönd Tálknafjarðarhrepps. Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps tekur heilshugar undir bókun Bæjarráðs Vesturbyggðar frá 1.des.2009 og leggur til að hafnar verði viðræður við Vesturbyggð þar sem hugað verði að stofnun sorpsamlags sveitarfélaganna.
Oddviti falið að ræða við Magnús á Felli vegna hugsanlegs urðunarstaðar. Samþykkt samhljóða.

4. 0912038 - Alþingi, nefndarsvið. Beiðni um umsögn um frumvarp til laga

Lagt fram til kynningar, engin umsögn send.

5. 0912036 - Samband íslenskra sveitarfélaga. Erindi frá rannsóknarnefnd umferðarslysa

Lagt fram til kynningar.

6. 0912027 - Þjóðskrá. Skilafrestur sveitarstjórna á flutningstilkynningum

Sveitarstjórn hefur engar athugasemdir við íbúaskrá.

7. 0912026 - Jafnréttisstofa. Beiðni um afhendingu jafnréttisáætlunar, ásamt framkvæmdaráætlun

Erindinu vísað til félagsmálaráðs. Samþykkt einróma.

8. 0912025 - Samband íslenskra sveitarfélaga. Tilfærsla á þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga

Lagt fram til kynningar.

9. 0911059 - Stígamót. Fjárbeiðni fyrir árið 2010

Beiðninni hafnað, þó að málefnið sé þarft. Samþykkt samhljóða.

10. 0911055 - Umhverfisstofnun. Vegna refaveiða á uppgjörstímabilinu 1. september 2009 til 31. ágúst 2010

Til máls tóku allir fundarmenn.

Ef ákvörðun um að fella niður endurgreiðslur kostnaðar vegna refaveiða verður ekki endurskoðuð og fjármunum verði veitt til þessa verkefnis þá mun Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps ekki greiða fyrir unna refi frá og með 1. desember 2009. Samþykkt samhljóða.

11. 0911041 - Umsögn um Náttúruverndaráætlun 2009-2013.

Engin umsögn send. Samþykkt samhljóða.

12. 0911040 - Þingsályktun um bætt afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum.

Lögð fram umsögn oddvita frá 2. desember 2009. Samþykkt samhljóða.

13. 0911024 - Særöst ehf. Nýting affalls, bréf dags. 10.nóvember

Við afgreiðslu málsins viku Birna og Eyrún af fundi. Vegna frestunar máls frá síðasta fundi fylgir hér með álit Björns Jóhannessonar hrl. vegna málsins: Í ljósi þess að nýtingu hreppsins eru engin sérstök takmörk sett tel ég að hreppnum sé heimilt að ráðstafa að eigin vild því vatni, sem hann hefur þegar nýtt í eigin þágu og sem hefur um áratugi runnið til sjávar án frekari nýtingar. Ekki verður séð að með því að leyfa þriðja aðila að nýta affallið sé á nokkurn hátt gengið á réttindi leigusala samkvæmt samningnum, enda tæplega hægt að líta svo á að leigusalinn hafi heimild og ráðstöfunarrétt á vatninu eftir að það hefur verið nýtt af leigutaka. Álit þetta er í samræmi við skoðun okkar. Hins vegar er álit landeigenda á öndverðum meiði við þessa túlkun. Að þessu athuguðu leggjum við til að Særöst ehf verði leyfður nýtingarréttur gegn því skilyrði að samþykki landeigenda fáist. Samþykkt með atkv. BGG, BG og GÓ.

14. 0910066 - Lögreglustjórinn á Vestfjörðum. Eftirleitir og öræfaleit í Tálkna

Til máls tóku allir fundarmenn. Sveitarfélögin hafa lagalega skyldur til að sinna eftirleitum og öræfaleitum og því vekur undrun afskipti stjórnvalda í málinu. Hreppsnefnd kallar eftir niðurstöðu stjórnvalda svo ganga megi í að framfylgja ítrekun Lögreglustjóra. Oddvita falið í samráði við Ragnar Jörundsson, bæjarstjóra Vesturbyggðar að sjá til þess að smölun verði lokið í Tálkna. Embætti lögreglustjóra býður fram aðstoð í málinu sem og héraðsdýralæknir, verði til þeirra leitað. Samþykkt samhljóða.

15. 0909106 - Staðfesting á meðfylgjandi samþykkt um búfjárhald.

Erindinu vísað til fjallskilanevndar til endurskoðunar, þar sem verði tekið tillit til athugasemda. Samþykkt samhljóða.

16. 0909084 - Orkustofnun. Heitt vatn. Kynning á stöðu mála

Oddvita falið að ganga frá samningnum að teknu tilliti til athugasemda Björns Jóhannessonar hrl., og koma síðan samningnum til landeigenda til yfirlstrar. Samþykkt, BGG, BG, EIS og GÓ. Birna vék af fundi undir þessum lið.

17. 0907021 - Umhverfissráðuneytið. Bréf dagsett 2. júlí

Úrskurður umhverfissráðherra dags. 27. nóv. 2009 lá fyrir fundinum. Úrskurðurinn er áfall fyrir samfélagið á sunnanverðum Vestfjörðum og vill hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps skora á umhverfissráðherra að beita sér fyrir því að lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106 frá árinu 2000 verði tekin til endurskoðunar, þar sem ekki virðist mega taka tillit til umferðaröryggis. Í þriðju grein laganna liður k er umhverfi skilgreint sem samheiti fyrir menn, dýr, plöntur og annað í lífríkinu, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar og landslag, samfélag, heilbrigði, menningu og menningarminjar, og atvinnu og efnisleg verðmæti. Ályktunin samþykkt samhljóða.

18. 0912040 - Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Stofnanaúttektir á grunnskólum vormisseri 2010

Erindinu vísað til skólanefndar með atkvæðum BG, BB, GÓ, BGG og EIS.

19. 0910079 - Fjárhagsáætlun 2010

Til máls tóku EIS, BB, BG, BGG, GÓ.
Farið yfir fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans fyrir árið 2010, síðari umræða. Með áorðnum breytingum á milli umræðna eru lykiltölur sem hér segir :

Fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps sveitarsjóður 2010:

Tekjur alls kr. 181.654.000
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði kr. 190.806.000
Rekstrarniðurstaða, neikvæð kr. 9.152.000)
Veltufé til rekstrar kr. (109.000)
Afborganir langtímalána kr. (11.524.000)
Handbært fé í árslok kr. 18.000

Fjárhagsáætlun B-hluta fyrirtækja Tálknafjarðarhrepps 2010:

Rekstrarniðurstaða Hafnarsjóðs, hagnaður kr. 1.622.000
Rekstrarniðurstaða Fráveitu, hagnaður kr. 586.000
Rekstrarniðurstaða Félagslegra íbúða, tap kr. (8.544.000)
Rekstrarniðurstaða vatnsveita, hagnaður kr. 2.241.000
Veltufé frá rekstri kr. 6.572.000
Afborganir langtímalána kr. 2.670.000

Fjárhagsáætlun samstæðu Tálknafjarðarhrepps 2010:

Tekjur alls kr. 205.742.000
Gjöld alls kr. 210.153.000
Rekstrarniðurstaða, neikvæð kr. (4.411.000)
Veltufé frá rekstri kr. 6.463.000
Afborganir langtímalána kr. 14.194.000
Handbært fé í árslok kr. 17.000

Áætlað er að framkvæma fyrir kr. 20.000.000.- á árinu 2010. Er þar um eitt verkefni að ræða borun vinnsluholu í Sveinseyrarhlíð. Verður framkvæmdin fjármögnuð með styrk frá Orkusjóði, framlagi Tálknafjarðarhrepps og lántöku að fjárhæð kr. 12.000.000.-
Samþykkt samhljóða.

20. 0912039 - Fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans 2011-2013

Vísað til síðari umræðu í janúar. Samþykkt einróma.

21. 0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra

Oddviti fór yfir helstu liði frá síðasta fundi.

22. 0911060 - UMFÍ. Tillögur af 46. sambandsþingi Ungmennafélags Íslands

Lagt fram til kynningar.

23. 0911058 - Menntamálaráðuneytið. Kynning á íslenskri málstefnu

Lagt fram til kynningar.

24. 0911057 - Bændasamtök Íslands. Fjallskil

Lagt fram til kynningar.

25. 0911061 - sart. Opið bréf til bæjar- og sveitarstjórna

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19.15

<hr/>	<hr/>
<hr/>	<hr/>
<hr/>	<hr/>
<hr/>	<hr/>